

Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. UMGENGI Á LÓÐ

	Rgl.nr.
1.1 Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaferi, valdi fok- eða slyshættu eða hættu á mengun í jarðvegi.	737/2003 941/2002 14. gr.
1.2 Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.	737/2003 16. og 18. gr.

2. FRÁVEITA

	Rgl.nr.
2.1 Hafa skal olúskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olúskiljur. Senda skal upplýsingar um olúskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykkis. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olúskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli.	798/1999 5. gr. 884/2017 51. gr.
2.2 Halda skal notkun olúhrensiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni.	798/1999 5. gr.
2.3 Olúskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olúskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.	798/1999 5. gr. 884/2017 gr. 51.
2.4 Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olúefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olúmottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.	884/2017 63.gr. 798/1998 5. gr.

2.5	Pvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúskilju.	798/1999 5. gr. 884/2017
2.6	Staðsetja skal ílát undir olúefni, þ.m.t. úrgangsolú, í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra.	43. gr., 50 gr. 809/1999 7. gr.

3. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.
3.1	Olúsíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Pressuðum olúsíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999
3.2	Hjá rekstraradilum þar sem olíuúrgangur fellur til er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og merktur sem úrgangsolía. Úrgangsolíugeymar utandyra skulu vera með lekavörn. Árekstrarvarnir skulu vera við slíka geyma.	884/2017 809/1999 7.gr. rgl. nr. 1040/2016 806/1999 8.gr.
3.3	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	1400/2020
3.4	Rafgeymar og rafhlöður teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, í lokuðum og vökvaheldum spilliefnakörum eða í viðeigandi gámum.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 rgl. nr. 1020/2011
3.5	Blý, t.d. í jafnvægislóðum, er spilliefni og skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.